

Vorid

TÍMARIT FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

37. ÁRGANGUR 5. - 6. HEFTI — SEPT. - DES. 1971

KEMUR ÚT ANNAN HVERN MÁNUÐ, 36 SÍÐUR HVERT HEFTI. ÁRGANGURINN KOSTAR 150 KRÓNUR OG GREIÐIST FYRIR 1. MAÍ. AFGREIÐSLA: BERGSTAÐASTRÆTI 27 - REYKJAVÍK - PÓSTHÓLF 1343 - SÍMI 10448

BIRGIR KJARAN:

ALBERT THORVALDSEN

Á því leikur ekki vafi, að Albert Thorvaldsen, er einna nafnkunnastur manna af íslenzku bergi brotinn. Um hitt hefur fremur verið deilt til hvorrar þjóðar, Íslendinga eða Dana, hann kenndi sig, og hvorrar ættar listsköpunargáfa hans væri. — Ekki er heldur fullvíst hvar fæðingarstaður hans var.

Sú saga hefur þó lengi lifað í Skagafirði, að hann hafi fæðst um borð í dönsku kaupfari, sem beðið hafi byrjar undir Málmei eða Þórðarhöfða á hausti árið. 1770. Annaðhvort hafi verið farið með hann óskirðan til Kaupmannahafnar, eða presturinn að Felli í Sléttuhlíð hafi verið sóttur til að skíra hann. Og það síðara talið sönnu nær. Hafi þetta orsakast þannig, að Gottskálk Þorvaldsson, faðir hans, sem um þær mundir var búsettur í Höfn, hafi þetta sumar komið ásamt konu sinni danskri, að nafni Karen (Grönlund), í kynnisferð til æskustöðvanna nyrðra. Skipið varð síðbúið og 19. nóvember fæddist drengurinn. — Þann dag taldi Thorvaldsen jafnan fæðingardag sinn. — Hvað sem öðru líður var Thorvaldsen ekki óljúft, að hann átti



Sjálfsmýnd Thorvaldsens (1814)

til Íslendinga að telja, og suður í Róm kallaði hann sig oft Íslendinginn, og gekk gjarnan undir því heiti meðal vina og kunningja.

Um ættir og uppruna Alberts Thorvaldsens er þetta helzt að segja. Faðir hans var Gottskálk Þorvaldsson, sem fæddur var að höfuðbólínu Reynistað í Skagafirði árið 1741. Síðar fluttist hann að Miklabæ í Blönduhlíð. Afi Alberts, Þorvaldur, var fæddur að Möðruvöllum í Eyjafirði. Hann var kvæntur Guðrínu Ásgrímsdóttur frá Hraunum í Fljótum. Þorvaldur gekk í Hólaskóla og var vígður til Miklabæjar 1747 og þjónaði þar til dauðadags. — Hann er talinn hafa verið hagur vel, listhneigður og skrifaði fagra rithönd. — Við má bæta, að Albert var áttundi maður frá Guðbrandi biskupi, hinum listhaga, svo að ekki var honum illa í ætt skotið, hvað listgáfuna snerti, eða sniðskæra hönd.

Það mun hafa verið árið 1757, sem þau systkyn þrjú, börn séra Þorvaldar, Ólöf, Ari og Gottskálk, riðu til Hofsóss til þess að taka skip til Kaupmannahafnar. Eftir það átti Gottskálk heima í Kaupmannahöfn, og þar tók hann sér ættarnafnið Thorvaldsen, að þeirrar tíðar hætti.


Í heimahúsum hafði hann lært nokkuð til tréskurðar og í Höfn gekk hann í læri hjá dönskum myndhöggvara. Árið 1770 kvæntist hann józkri stúlku, að nafni Karen, og haustið eftir eignuðust þau fyrsta og eina barnið, Albert. Faðir Karenar var organisti og djákni í Lemvig á Jótlandi.

Um heimili og foreldra Alberts Thorvaldsens eru til nokkrar frásagnir. Heimilið mun hafa verið fátæklegt; foreldr-

arnir ólík. Gottskálki er lýst þannig, að hann hafi verið hár maður vexti, grannur og oftsinnis gengið í bláum frakka. Vildi ganga vel til fara á mannamótum, taldi sig enda af höfðingjaættum kominn, þótt fátækur væri. Hann umgengst jafnan íslenzka fyrirmenn í Höfn, svo sem Jón Eiríksson konferenzráð, Ólaf Ólafsson prófessor á Kónsbergi o. fl. Aðalatvinna hans var á skipaverkstæðum. Hann vann í Hólminum og skar út fyrir flotann, aðallega stefnismyndir og bríkur. Einnig gerði hann útflúr og rammalista. Faðir Alberts kenndi honum snemma að teikna. Ef ekki var pappír til, teiknaði hann bara á veggi og hurðir, og fékk litlar þakkir fyrir.

Karen, móðir Alberts, var smávaxin og á yngri árum mjög fríð sýnum. Er sagt að sonurinn hafi verið líkur henni að andlitsfalli, en atgerfi og líkamsvöxt hafi hann erfð úr föðurætt. Með aldri breyttist Karen í útli og innra, trúlega vegna fátæktar og lítils atlætis. Hún varð hirðulaus um búnað sinn, nöldursöm og þrætkær við bónda sinn. — Umhverfið var heldur ekki skemmtilegt. Þau bjuggu lengstum í fátækrahverfinu í Höfn, Grönnegade, Laksegade og á svipuðum stöðum.

Albert var baldinn strákur og tápmikill; stóð í áflogum, en var samt alltaf að teikna, jafnvel þótt enginn pappír væri til á heimilinu. Einhver heimilisvinanna sá þetta krass og fannst svo til um, að hann hvatti foreldrana til þess að senda Albert til náms. Gottskálki leyzt ekki illa á hugmyndina, því að hann sá sér hag í henni, þar sem hann var sjálfur næsta fákunnandi í teiknun, og datt í hug að sonurinn gæti orðið sér hjálplegur. — Þegar þetta skeði, að Albert hóf sína list-



Albert Thorvaldsen (málverk C. W. Eckersberg, 1814)

skólagöngu, var hann aðeins 11 ára. Það var árið 1781.

Albert varð og skjótlega svo drátthagur, að hann gat teiknað fyrirmyndir fyrir föður sinn, og þær gerðu verk Gottskálks eftirsóknarverðari. Þannig varð hann barnungur foreldrum sínum fjárhagsleg hjálparhella. Skólabræðrum sínum var hann og raungóður, og einkum þeim, er minna máttu sín. Einn þeirra var Johan Saxtorph, sem var heldur

veikburða, en Albert varði hann með hnúum og hnefum. Síðar varð Saxtorph kunnur læknir. Foreldrar hans komust að þessu og buðu Alberti vikulega til miðdegisverðar í þakklætisskyni. — Slík umbun var þá talin til hagsbóta og virðingarvottur.

Pegar Albert hafði lokið námi í teiknisólanum, fór hann í ársbyrjun 1785 inn í þá deild listaháskólans, sem kölluð er gipsskólinn. Þar var hann eitt ár. Og þá, árið 1786, gekk hann inn í sjálfan myndmótunarskólann (Modelskolen), þar sem nemendur læra að gera myndir eftir fyrirmyndum, stundum eftir lifandi líkömum. Hér kenndu frægir, ágætir listamenn — prófessorar

listaháskólans — og hér vann hann minni silfurmedalíu skólans ári eftir.

Á því ári var hann einnig fermdur. Sú athöfn fór fram þann 15. apríl í Holmskirkju og var hann þá rúmlega sextán ára að aldri. Eftir nýárið 1787 fór Albert að ganga til prestsins. Gottskálf Thorvaldsen, sem sjálfur var prestssonur og af höfðingjaætum kominn, vildi láta son sinn fermast með börnum heldra fólksins og kom honum því

til spurninga til prófastsins við Holmskirkju, Kristjáns Friðriks Höyer. En þegar farið var að spyrja hann út úr, kom í ljós, að hann var svo illa að sér, að hann var settur neðst af öllum börnunum. Þetta var auðvitað mjög auðmýkjandi.

Prófastur átti bróður, sem var listmálari, og hjá honum frétti hann, að ungur maður, að nafni Thorvaldsen, hefði unnið verðlaun í listaháskólanum. Spurði hann því Albert einn daginn, hvort þessi ungi listamaður væri eitthvað skyldur honum. „Það er ég sjálfur“ svaraði Albert ofur blátt áfram. Prófasti varð svo mikið um þetta svar, að hann sagði: „Má ég biðja yður, monsjer Thorvaldsen, að flytja yður hingað upp“, og bentu á efsta sætið. Eftir þetta kallaði hann Albert aldrei annað en „monsjer Thorvaldsen“.

Aldrei gleymdi Albert þessu atviki, og þegar hann var orðinn heimsfrægur og þjóðhöfðingjar álfunnar og frægar menntastofnanir heiðruðu hann, sagði hann stundum, að aldrei hefði sér þótt vænna um neinn vegsauka, en þann, er prófasturinn við Holmskirkju hefði kallað sig: „monsjer Thorvaldsen“.

Á listaháskólanum gerði hann ýmsa góða muni, þar á meðal skar hann fagurlega klukkukassa, sem prýddur var gulli. Hann var óánægður með að hafa aðeins karla sem fyrirmyndir á skólanum og hafði ásamt fleiri nemendum forgöngu um, að konur voru einnig fengnar sem fyrirsætur. Á skólanum var nokkurt félagslíf. Héldu ungu listamennirnir fundi, þar sem listamál voru rædd og einnig lesin ljóð og aðrar bókmenntir. Hann bjó hjá foreldrum sínum og vildi ekki frá þeim fara. Heldur mun þar þó hafa ver-

ið óvistlegt, því að húsakynninn voru bágborin og svo var hann lítill hirðumaður í vistarverum sínum; í herbergi hans er sagt, að ægt hafi saman reyktóbaki, litum, leir, myndarissum, ryki og óhreinindum.

En mikið var unnið og margar myndir frá þeim tíma kunnar, svo sem myndin af velunnara hans Jóni Eiríkssyni konferenzráði, sem hann mótaði árið 1787 og árangurinn viðurkenndur, því árið 1791 fékk hann bæði minni og stærri gullmedalíu akademíunnar. Nú fór hann og að komast í kynni við fyrirfólk, sem lét hann gera myndir af sér og keypti verk hans. Meðal þeirra fyrstu var Rewentlov greifi, sem reyndist honum hollvinur. Var hann nú ekki lengur iðnsveinn heldur meistari í skurð- og höggmyndalist.

Stærri gullmedalíunni fylgdi ferðastyrkur til Rómar, 400 ríkisdalir á ári í þrjú ár. Til undirbúnings Rómarferðarinnar lærði hann hrafl í þýzku, en annars var hann lítill málamaður og raunar enginn sérstakur menningardekrari. Þó hafði hann gaman af tónlist og safnaði málverkum strax og hann hafði aurað til þess. Hann unni og dansi. Svo er hann sagður hafa verið mikill dansmaður, að hann gat dansað heilar nætur. Flautu og fiðlu átti hann og kunni að leika á hvorutveggja.

Rómarförin hófst þann 29. ágúst 1796, er hann fór um borð í skonnortuna „Thetis“ með hund sinn og farangur. Var hann kvaddur með miklum glasaglaumi í Höfn. Það var bjart veður og blásandi byr. Þetta var fallett og stórt skip með 322 manna áhöfn, 40 stórar fallbyssur og 14 minni. Var það ekki að ófyrirsynju, því öll álfan logaði þá í ó-

fríði. Þar með hófst inngangur að 40 ára dvöl í Róm.

Þetta varð dálítið ævintýrleg ferð, sem lítið verður rakin hér. Skrifaði Thorvaldsen ferðadagbók á leiðinni, sem hefur varðveitt.

Þar segir hann m. a. frá hundinum sínum, Hektor, sem var í fyrstu misliðinn meðal farþega, en þó að lokum öllum kær, eins og húsbóndi hans virðist einnig hafa verið. Hektor var mesti fjörkálfur og stundum fyrirferðarmikill. Það var víst á Möltu, sem var einn af viðkomustöðunum, sem þetta gerðist að sögn Thorvaldsens: „Ég gekk heim, og á leiðinni varð Hektor fullkátur og fór að elta nokkrar geitur, sem tvístruðust í allar áttir og veltu um stúlku, sem var með barn á handleggnum, en það meiddi sig ekkert. Síðan steypiti hann strák á hausinn og hlógu menn að.“ — Á Möltu sá hann málverk eftir Rubens og hlýddi á söngleik. Um sjóferðina segir hann líka, að um borð voru „nokkrar laglegar kvenpersónur, og sú laglegasta talaði þýzku.“ — Thorvaldsen hafði jafnan næmt auga fyrir fögrum konum og naut sjálfur kvenhylli, enda maðurinn glæsilegur á að líta og áhrifamikill í viðkynningu. Um þessar mundir er honum svo lýst:

„Hann var glæsímenni hið mesta. Hann var meir en miðlungs hár vexti, þrekvaxinn, vel limaður, vel á sig kominn og afar sterkur. Höfuðið var allstórt og fallega lagað, hárið mikið, glóbjart á lit og fór vel. Hann var bjartur yfirlitum og allur mjög norrænn í sjón og raun. — Hann var eygur manna bezt, — bláeygur og augun miðlungi stór. Augnaráð hlýlegt. Hann var dulur og tortrygginn, og varkár í orði. — Hann var frábærlega



Skírnarfonturinn í Dómkirkjunni í Reykjavík.

Á hann letraði meistarinn:

OPUS HOC ROMAE FECIT ET ISLANDIAE
TERAE SIBI GENTILICIAE PIETATIS
CAUSA DONAVIT ALBERTUS THORVALD-
SEN A MDCCCXXVII — *Það er á íslensku:*
Grip þennan gjörði í Rómaborg og gaf Íslandi,
ættjörðu sinni, í ræktarskyni Albert Thorvald-
sen árið 1827.

látlaus, sjálfstæður og smekkvís í framkomu. — Hann gerði litlar kröfur til annarra, en var afar veitull og vinfastur. — Hann var örlundaður, og fengu ýmsir að kenna á því, og oft þeir, er sízt skyldu.“ Hann var barn síns tíma og mikill lífsnjótandi. Hann var táknrænn stórlistamaður á síðsumri danska einveldisins. Samtíðarmenn Alberts Thorvaldsens þóttust sjá kynborinn niðja Sögueyj-



Vinnustofa Thorvaldsens í Róm.

arinnar, er þeir litu hann. Danska skáldið Carsten Hauch segir:

„Eftir að ég kynntist Íslendingum, skildi ég, hví Thorvaldsen var svo fáorður og gagnorður. Þetta er kynfylgja hans frá íslenskum forfedrum, þeir höfðu vanið sig á að skyggjast um gættir og tala fátt og voru þó ekki myrkir í máli. Þeim var einnig farið líkt og Thorvaldsen, að þeir sýndu fremur í afrekum en orðum, hvað innra bjó.“

16. janúar lagði Thorvaldsen af stað frá Möltu til Tripolis og þaðan á opnu skipi til Palermó á Sikiley, síðan til Napóli og að lokum til Rómar.

Fátt segir af ferðinni til Rómar, því að dagbókinni lýkur áður en þangað er komið. En enginn vafi er þó á því, að hann kom til „hinnar eilífu borgar“ þann 8. marz 1797, því að síðar, er hann var spurður að því, hvenær hann væri fæddur, sagði hann jafnan í gamni, að sér væri ókunnugt um það, en hitt vissi hann, að hann hefði komið til Rómar þann 8. marz. Það var rómverski afmælisdagurinn hans, þá fannst honum hann hafa fæðst inn í nýja tilveru, tilveru listarinnar.

Róm var á þessum tímum miðstöð klassískrar og vestrænnar menningar.

Allar leiðir lágu til Rómar, allt frá dögum keisaraveldisins til páfans. En Thorvaldsen sótti illa að. Það voru byltingartímar í Róm. Stormasamt var í stjórnmálunum og páfaríkið að hruni komið. — Hann kom þangað fátækur og vinfár. Hann lýsir aðkomunni þannig:

„Nú var ég kominn þangað og sá hvernig Fransmennirnir (hermenn Napóleons) þrömmuðu af stað með listaverkin, og kunni ekkert tungumál nema dönskuna og þjáðist svo af heimþrá, að mér var næst skapi að snúa heim aftur, og hygg ég, að ekkert hafi verndað mig frá því annað en óttinn við, að ég yrði mér til athlægis fyrir. Smám saman kynntist ég fleirum í borginni, án þess þó að ég tæki til starfa. Langur tími leið áður en úr því varð.“

Hann eignaðist þó brátt vini og hjálparhellur, fyrst og fremst samlanda sína, Georg Zoäga og listmálarann Asmus Jacob Carstens. Zoäga var hámenntaður maður, gáfaður og talinn valinmenni að hjartalagi. Hann hafði skrifað stórfróðlegar bækur um gríska list og rómverska. Hann var frábær tungumálamaður. Talaði hann, auk móðurmálsins, þýzku, ensku, frönsku, ítölsku, latínu og grísku og var talinn betur að sér í forn-egypzku en nokkur annar samtíðarmaður hans.

Þeir voru mjög ólíkir menn Zoäga og Thorvaldsen. — Annar var maður skynseminnar, heilans, hinn tilfinninganna, hjartans. — Þó tókst með þeim vinátta, þótt þeir hafi vafalaust stundum orðið þreyttir hvor á öðrum. Enda er haft eftir Zoäga:

„Ég krefst þess ekki, að listamaður sé lærður maður, vil það ekki einu sinni, en svolitla þekkingarglætu verður hann þó að hafa á nöfnum og þýðingu þess,

sem hann sér. Annað getur hann svo bætt upp með umgengni við lærða menn. En sá sem í hverju samtali verður að byrja á stafrófinu, hann hlýtur að vera bæði leiður og leiðinlegur.“

Zoäga gekk daglega til vinnustofu Thorvaldsens og skoðaði verk hans og gagnrýndi.

Albert Thorvaldsen tók loks til starfa í Róm. Þá voru þar frægastir myndhöggvarar Canova og Cardelli. Það var erfitt að fá efni til þess að höggva úr, sökum þess að marmari frá Carrara var lítt fáanlegur, þar sem skip komust ekki með hann upp Tíber-fljót vegna sjóhernaðarins, sem geysaði. — Fyrsta mynd hans í Róm var af Bakkusi og ástmey hans Adríöðnu. Hana gerði hann árið 1798.

Thorvaldsen dróst inn í hringiðu hins glaðværa Rómarlífs, umgekkst „bohema“ og varð allróttækur í skoðunum á þeirra tíma mælikvarða. Hann var þó talinn sæmilega hófsamur í ástum og við vín, en kunni að meta hvorutveggja. — Fyrsta ástmey hans var Anna María Magnani, áður gift prússneskum sendiherra í páfagarði. Hún var tveggja barna móðir, fríð, fljót til ásta og geðbrigða. Þau bjuggu aldrei saman en vingott var með þeim um langt skeið og verður að því vikið.


Árið 1801 lauk Albert Thorvaldsen við það verk, sem átti eftir að valda tíma-mótum í ævi hans. Það var höggmyndin af Jason með gullreiði. Efniviðurinn sóttur í grísku goðsagnirnar eins og var með margar myndir hans síðar. Þá var Albert svo fátækur, að hann hafði ekki efni á að láta steypa myndina í gips. — Allar vonir hans voru þó tengdar þessari mynd. — Meira að segja Canova dáðist af Jason, er hann sá hana í fullri



Thorvaldsen: Vonin

stærð, og taldi hana boða nýjan, einfaldan stíl. En það var enskur aðalsmaður, Sir Thomas Hope, sem ekki lét sér nægja að skoða Jason, heldur vildi fá hann höggvinn í marmara og greiddi töluverða upphæð fyrirfram fyrir verkið.

Albert hélt góðu sambandi við foreldra sína og reyndi eftir mætti að hygla þeim einhverju fjárhagslega. En samgöngur voru dræmar og bréfin oft lengi á leiðinni. Til eru þó enn m. a. bréf frá Gottskálki til Alberts og þykja sum skemmtileg, því að hann var orðheppinn og orðhvass. Í einu, sem segir frá atlögu Nel-



*Frúarkirkjan í Kaupmannahöfn
með líkneskjum Alberts Thorvaldsens af Kristi
og postulunum*

sons að Kaupmannahöfn, kemst hann m. a. svo að orði:

„Hinir dönsku drengir sendu honum þannig lagaða kveðju, að hann langar ekki til að koma aftur. Þessi morgunverður kostaði Englendinga 2600 mannslíf og 12 skip. Allir eru nú stríðsmenn í Kaupmannahöfn.“ — Annars eru það allt annað en gleðitíðindi, sem Albert berast að heiman. Móðir hans deyr úr krabbameini 7. jan. 1804, án þess að hafa séð son sinn frægan. Faðir hans fer á fátækrahæli í Vartov, og er þar örsnauður. Reiddist hann þessari meðferð mjög, „að vera innan um halta og blinda vesalinga og allskonar fatlaða ræfla. — Ég vissi varla, hvað ég skrifaði, svo reiður varð ég.“ — Hann andaðist 24. okt. 1806. — Sonurinn frétti fyrst löngu seinna um andlátíð. — Örlög foreldranna fengu mjög á Albert. Þar við bætist, að hann lá sjúkur í rómversku hitasóttinni, þjáður af lífsleiða og þunglyndi.

Ástamálin gengu heldur ekki að óskum. Árið 1803 skilur Anna María við

mann sinn og hann flytur frá Róm, en hún verður eftir, vafalítið vegna Alberts. Þrem árum síðar, 1806, verður Albert fyrir þeirri gleði, að Anna María fæðir honum son. Hann var þá í blóma lífsins, 35 ára að aldri, efnahagur hans batnandi og frægðin vaxandi; nú var svo komið, að enginn var lengur í vafa um, að Canova og Albert Thorvaldsen væru mestir myndhöggvara í Róm. — Hann unni mjög syni sínum, þótt hann mæti móðurina ekki að sama skapi. Síðar á ævinni minnst hann drengsins síns, sem þess bezta sem honum hafi hlotnast. Daglega heimsótti hann soninn og sat tímum saman við vögggu hans, tók hann á kné sér og reyndi að kenna honum að teikna. Enn mun vera til blað með rithönd Alberts Thorvaldsens, þar sem hann virðist hafa verið að æfa sig í að rita nafn drengsins síns. Þar stendur skrifað stórum skírum stöfum: CARLO ALBERTO, en það nafn var drengnum gefið. — Hann skrifar jafnvel Önnu Maríu oftár, vegna drengsins, og á einum stað segir hann m. a. með föðurlegri hlýju: „Gefðu Carlo koss, og ég skal endurgreiða hann, þegar ég kem heim aftur.“

En gleðin tók skjótan endi. Sumarið 1811 dó litli drengurinn, að því er virðist mjög skyndilega og að því sumir ætla fyrir handvömm móðurinnar að einhverju leyti. Alla ævi bar birtu á minningu sonarins í huga Alberts og meiri sorg reyndi hann ekki á ævinni en sonarmissinn. Þótt samband Önnu Maríu og Alberts væri hnökrótt, þá varð nú samt raunin á, að hún ól honum annað barn þann 8. marz 1813, á sjálfum rómverska fæðingardeggi hans. Það var stúlkubarn, sem hlaut nafnið Elisa Sophia Charlotte, en hún varð honum aldrei jafn kær og

sonurinn og enn síður tengdasonur hans, sem reyndi að hafa fé út úr honum.

Árið 1804 flutti Albert úr vinnustofu sinni í Vía Barbía í Róm, en þar hafði hann gert styttuna af Jason, í rýmri og betri húsakynni í Vía Sistiana 46, og varð það heimili hans alla tíð síðar í Róm og stendur enn í dag með sömu ummerkjum. Hann hafði þrjú herbergi til umráða og er þeim þannig lýst: „Fremsta herbergið var vinnustofa hans og þar voru öll þau verk, er hann vann að, lágmýndir á trönum, en gólf og stólar þaktir teikningum, svo að vart varð fundinn stóll til þess að setjast á. Svefnherbergi inn af vinnustofunni, lítið. Yfir rúminu teiking eftir Rafael, en fyrir framan rúmið leir, oft til að grípa til, ef listamaðurinn vaknaði. Þriðja herbergið var stærst, lítill salur. Þar safnaði Albert saman listmunum sínum, málverkum og dýrgripum, sem hann eignaðist mikið af. — Allt var þarna á rúi og stúi, — síðar fundust þar t. d. ekta perlur í rusli. — Minnir þetta kunnugan á vinnu- og íverustofu annars íslenzks listamanns, Jóhannesar Kjarvals, hjá hverjum öllu mögulegu ægði saman innan um listaverkin, — tóbaki, hangikjöti, harðfiski, ljósmyndum og blaðaúrklippum, — að vísu ekki eðalperlum, en þó allstórum pappahólk, fullum af íslenzkum hálfeðalsteinum“, tíndum á æskustöðvunum í Borgarfirði eystra.

Árið 1805 var svo komið, að enginn efaðist um, að Canova og Thorvaldsen væru frægastir myndhöggvarar í Róm. Vegtillur bærust honum hvaðanæfa að. Hann var gerður prófessor við listskólann í Róm árið 1808 og þjóðhöfðingjar kepptust um að heimsækja hann og heiðra. Við suma þeirra tengdist hann



Thorvaldsen: Ung stúlka — dansandi

persónulegum vináttuböndum, svo sem Lúðvík ríkisarfa og síðar konung af Bæjaralandi, en fyrir hann vann hann ótal verk, sem eru á höggmyndasafninu í München, og önnur steipt í málmi prýða torg og stræti í þeirri miklu menningarborg.

Engin tók eru á í svo stuttri tímaritsgrein að rekja allan frægðar- og mannvirðingaferil Thorvaldsens, hvað þá að segja sögu listaverka hans; en sköpun þeirra tók oft langt árabíll, því að stundum hvarf hann frá þeim og tók ekki hendi til fyrr en löngu seinna og þá oft

í nýju formi, eftir því sem viðhorf hans höfðu breytzt.

Sálarsársauki og ástvinamissir virðist geta leyst listamenn og list úr böndum. Þannig virðist Albert hafa verið farið eftir sonarmissinn. Þá sleit hann sig úr böndum og gerðist djarfari og stórvirkari, enda verk hans eftirsóttari að sama skapi. — Honum voru falin stærri og viðurhlutameiri verk en tíðkaðist. Alexandersmyndirnar eru meðal þeirra. Það atvikaðist þannig, að 1812 ætlaði Napóleon mikli að heimsækja Róm. Skyldi þá skreyta borgina svo sem fremst var kostur, sali og slot. Albert var falið að gera veggbrík á hátíðasal Quinalhallarinnar. Skyldi hún vera 35 metra löng og 1,15 m. á breidd, og verkinu lokið á skömmum tíma, eða á þremur mánuðum. Úrlausnarefnið, sem Albert valdi sér, var „Innreið Alexanders í Babylon“. — Samtímafrásagnir eru til af vinnubrögðum hans við þessa mynd. Hann vann að jafnaði tíu tíma á dag. — Keisarinn kom að vísu ekki til Rómar og sá ekki myndina, en hann lagði þó fram 320.000 franka til að láta höggva hana í marmara. Alexandersbríkin varð eitt sporið enn á framabraut Alberts. — Frægð fylgja fjármunir, kaupendur urðu fleiri, og einn jafnan öruggur, Lúðvík konungur af Bæjaralandi. Hann keypti í þann mund myndina af ADONIS á 4000 ríkisdali, sem var mikið fé. — Lúðvík Bæjarakóngur er af sumum talinn hafa verið skríttinn kóngur á einn og annan hátt. — Sjálfur hefi ég margskoðað söfn hans og dáðst að, og hvað sem öll mannkynsaga kann að segja, álit ég hann hafa verið mikinn listfrömuð og jafnvel Íslendingar megi vera honum þakklátir fyrir stuðning hans við landa okkar

Albert Thorvaldsen, og það, með hverjum hætti hann skapaði honum starfs- og lífsmöguleika og hélt og mun halda merki hans á lofti um aldir.

Sem fyrr er sagt, er hvorki rúm né kunnugleiki til þess að rekja eða skilgreina list eða listaverk Thorvaldsens. — Flestar myndir Thorvaldsens urðu auðvitað til í Róm. Ómögulegt er að tíunda þann fjölda, en tæpa má á einhverju, sem Íslendingum kann að vera öðru fremur kunnugt um svo sem „Ganymedes og smaladrengurinn“, sjálfsmynd hans, þar sem hann styður sig við myndastyttuna „Vonina“, sem talið er að hafi verið fullgerð 1817. Danir gáfu Íslendingum þá mynd fullsteypta í kopar þjóðhátíðarárið 1874. — Stóð hún fyrst á Austurvelli en nú í svokölluðum Hljómskálagarði við Tjarnarenda í Reykjavík. —

Auðvitað eru til margar sögur, sannar eða tilgáta, um verðandi listaverk Thorvaldsens. Ein er sú, að árið 1815 hafi hann verið sérlega dapur og þjáðst af svefnleysi. Að morgni þeirrar andvökunætur kom gipsmótari einn í stofu hans og fékk honum *Nóttina*, en þegar þessi vinur hans var í þann mund að loka hurðinni, kallaði Albert á eftir honum: „Bíddu annars svolitla stund, Antóníó, svo að þú getir tekið þessa um leið“, og Albert mótaði í skyndi aðra mynd, *Dögun*.

Senn urðu það fínheit og fordild að fá Thorvaldsen til þess að móta sig í leir og síðar höggva. Mörg sögupersóna nítjándu aldar lagði leið sína til vinnustofu hans. — Einn dag kom Byron lávarður þangað fyrirvaralaust, annars þurftu menn jafnaðarlega að biðja um viðtalstíma. Þetta mun hafa verið vorið 1817. Átti Albert að móta brjóstmynd



NÓTTIN

Gyðja næturinnar svífur á vængjum um hinn óendanlega, dímma himingeim með börnin sín tvö, sem eru tákn svefnisins og dauðans. Ferð hennar er hljóðlát, eins og fugls myrkursins, uglunnar, sem fylgir henni. Blær öryggis og friðar er yfir henni á leið hennar til Jarðar.



DAGURINN

Mótsetning við gyðju næturinnar er gyðja dagsins, þar sem hún svífur með hraða og beinir ásjónu sinni að barninu á herðum sér, tákni ljóssins, sem heldur á kyndli birtunnar, og um leið dreyfir hún n. útsprungnum rósum morgunroðans sem ábreiðu yfir Jörðina.

skáldsins. — Byron gat aldrei setið kyrr og hélt aldrei sama andlitssvip stundinni lengur, þótt Albert margbæði hann um að halda sémilega kyrrstæðum stellingum, en allt tal kom fyrir ekki, og raunin varð sú, að þótt Albert tækist að ljúka við myndina, og væri ánægður með hana og flestir aðrir, var Byron það ekki. Sennilega mun hann hafa látið þá skoðun sína í ljósi. En það fékk ekkert á Albert, sem sagði aðeins: „Hann vildi endilega vera svona óhamingjusamur.“

Annars fékk Thorvaldsen aðrar hugnæmari heimsóknir í Róm. Þangað kom t. d. danska skáldið Oehlenschläger, þá frægastur danskra rithöfunda. Er þeir höfðu horft á andartak, hrópaði Oehlenschläger hræður: „Thorvaldsen!“ og Albert hrópaði á móti „Oehlenschläger!“, og svo féllust þeir í fang. — Ekki er vit-

að um nema einn Íslending, sem heimsótti Albert í Róm. Það var Tómas Sæmundsson. Það var á efri árum Thorvaldsens, en Tómas getur þess í reisubók sinni, hversu vel og ljúfmannlega Thorvaldsen hafi tekið honum og jafnframt spurt fréttu frá Íslandi.

Eftir að Thorvaldsen var orðinn frægur, höfðu Danir um árabíl lagt mjög fast að honum að koma til Kaupmannahafnar og boðið honum góða kosti og mörg verkefni. En Thorvaldsen átti sem oftast erfitt með að gera upp hug sinn og taka ákvarðanir. Árið 1819 tók hann þó að undirbúa norðurför sína og keypti sér vagn, sem vinur hans Oehlenschläger hafði komið á til Rómar. Lét hann breyta honum m. a. setja í hann leynihólf, fyrir dýrgripa sína og farareyri. Þann 14. júlí lagði hann upp í ferðina. Hélt hann vest-



Kristilegur kærleikur

Móðir með barn á handlegg fylgir eftir öðru barni, sem leitar hjálpar fyrir nágranna, sem er hjálparþurfi

ur yfir Alpana til þess að geta séð ljónið mikla, Svissaraljónið. Hafði hann gert minnismarki þetta um 1100 manna svissneskan lífvörð Frakkakonungs, sem lét lífið í stjórnarbyltingunni miklu árið 1792, og nú var verið að höggva í klett í Luzern. Á leiðinni kom Albert við í nokkrum þýzkum borgum, þar á meðal Frankfurt og sat þar sjötugsafmæli Goethes. Sunnudaginn 30. október kom hann svo til Kaupmannahafnar. Ók hann beint til Charlottenborgar, en þar höfðu lengi beðið hans íbúð og verkstæði.

Mikil hátíðahöld voru í sambandi við komu hans til borgarinnar. Aðalhátíðin var haldin 15. október og sátu hana þekktustu listamenn og vísindamenn

borgarinnar. Við komu hans kváðu við fallbyssuskot, tveir stúdentar leiddu hann í salinn og Oehlenechläger, þjóðskáld Dana, fagnaði honum með ræðu.

Að hátíðahöldum loknum tók Thorvaldsen til óspiltra mála við störf sín.

Mikilfenglegust þeirra voru etv. skreyting hans á Frúarkirkjunni, postularnir tólf, sex til hvorrar handar inn eftir kirkjunni, Kristsmýndin fyrir háaltarinu og margar fleiri fagrar myndir.

Thorvaldsen er ekki talinn hafa verið neinn sérlegur trúmaður, a. m. k. ekki framan af ævi, en eftir því, sem hann sótti sér æ meir viðfangsefni trúarlegs efnis, er árin færðust yfir, má gera ráð fyrir að á hugarfari hans hafi orðið töluverð breyting. Dæmi þess eru þau orð, sem höfð eru eftir honum um Kristsmýndina:

„Einföld varð hún að vera, því að einfaldleikinn varir um aldur og ævi, og þannig var Kristur. Hann mun vara um þúsundir ára.“

Sumarið 1820 fór Thorvaldsen að hugsa til heimferðar. Þann 11. ágúst hélt hann frá Höfn að loknum miklum kveðjusamsætum. En hann hélt ekki rakleitt til Rómaborgar, heldur hafði hann viðdvöl í Berlín og Dresden og var á báðum stöðum fagnað vel, og þaðan til Varsjá í Póllandi. Vildi þá svo til, að þar var staddur Alexander Rússakeisari, einn völdugastur þjóðhöfðingja veraldar í þann mund. Tók hann Thorvaldsen afar vel og lét hann gera af sér brjóstmynd. Lauk hann því verki á tíu dögum og hlaut að listarlaunum gullhring, alsettan demöntum. Frá Varsjá lá leiðin til Kraká og síðan til Trappá, en þar var þá fundur ýmissa valdamanna Evrópu og stýrði Alexander keisari honum.

Kynnti hann Thorvaldsen fyrir Frans Austurríkiskeisara, sem tók honum vel og fól honum að gera minnisvarða. Um síðir lauk þessari sigurför Thorvaldsens um Evrópu, og til Rómar kom hann 16. desember og var vel fagnað við heimkomuna af vinum og nemendum.

Þegar hér var komið sögu Alberts Thorvaldsen, var vinnustofa hans ekki lengur þröngt verkstæði, þar sem hann var einn að kúldrast, eða með tvo þrjá nema og aðstoðarmenn. Nú unnu þar um 40 menn, nemendur og starfsmenn. Thorvaldsen gerði frumdrætti og aðstoðarmenn unnu úr teikningum og stækkuðu smámyndir, því hann var mesti stóriðjuhöldur í listverkaframleiðslu frá því á dögum Michelangelós. Samfara frægðinni varð vinnutími hans ódrýgri, því að heimsóknir stórmenna gerðust tíðari og tímafrekari og sumum þeirra varð hann sjálfur að sýna myndir sínar; meðal þessara gesta var hans heilagleiki Leó páfi XII, sem kom í heimsókn til hans árið 1826.

Sem áður getur, gerði Albert skírnarfont fyrir Brahetrolleborg, en síðar lét hann höggva annan svipaðan, sem hann ætlaði að gefa kirkjunni á Miklabæ í Skagafirði, þar sem afi hans var prestur. Var hann ákvarðaður sem gjöf til feðraeyjar hans, „til þess Íslands, sem gaf honum það nafn, sem nú er nefnt með svo mikilli virðingu í veröldinni.“ — Sá skírnarfontur var seldur til Noregs. En sá þriðji sömu tegundar komst til Íslands 1839. Er talið að Thorvaldsen hafi sjálfur lagt síðustu hönd á hann. Í Miklabæjarkirkju komst hann að vísu ekki, en stendur nú í Dómkirkjunni í Reykjavík.

Kirkjan leitaði til Thorvaldsens, bæði



Verndarengill barnsins

Með gætni leiðbeinir engillinn barninu og leggur hendur sínar á höfuð þess og herðar, meðan barnið gengur biðjandi móti framtíð sinni

sú evangelíska og kaþólska. Daginn þann, í nóvember 1823, sem Ercole Consalvi kardínáli kvaddi hann til fundar við sig, taldi Thorvaldsen einn mestan merkisdag ævi sinnar. Kardínállinn bað hann um að gera minnismerki yfir Píus páfa sjöunda, sem setja skyldi í sjálfa Péturskirkjuna við hlið allra þeirra aldagömlu og ódauðlegu listaverka, sem þar eru. Það var ekki aðeins staðsetningin, sem hrifningu hans vakti, heldur fremur sú staðreynd, að öll önnur listaverk þar höfðu verið gerð af listamönnum, sem voru Ítalir og kaþólskrar trúar.

En þrátt fyrir alla frægð og frama stóð Thorvaldsen einn og einmana í

heimsborginni miklu, og aldurinn færðist yfir. Honum var það og sjálfum ljóst og gerir árið 1830 arfleiðsluskrá, þar sem hann ákveður að gefa Kaupmannahafnarborg listaverk sín „til eflingar listum og vísindum í Danmörku“, aðrar eignir hans áttu að renna til þjóðbankans danska og dóttir hans að fá rentur af og hennar afkomendur. — Listaverkin áttu að flytjast til Kaupmannahafnar ásamt Thorvaldsen með freigátunni Róta, sem kom til Livorno á Ítalíu í júlímánuði 1838. Um miðjan september var skipið komið í mynni Eyrarsunds, og þar varð Thorvaldsen fyrir þeirri óvæntu gleði að sjá norðurljós. — Enn tók Thorvaldsen til starfa á Charlottenborg. Vorið 1839 voru gipsmyndirnar í Frúarkirkju teknar niður og marmarastyttur settar í stað þeirra, og í sama mund var skírnarfonturinn vígður í dómkirkjunni í Reykjavík.

Í júní 1839 fluttist Thorvaldsen til vínafélks síns í Nysö. Þar leið honum vel í faðmi fjölskyldu, er leit á hann sem gamlan og góðan afa, sem þó var það ern að hann tók að iðka sund í sjónum, sem hann hafði ekki gert í ein tuttugu ár. Þeir heimsóttu hann þangað hinir gömlu vinirnir og aðdáendur: Oehlenschläger, H. C. Andersen, Hauch, Inge-mann og Henrik Steffens og Grundtvig. — Thorvaldsen hafði mikið dálæti á H. C. Andersen og sagði stundum við hann, er hann var gestkomandi í Nysö. „Fáum við krakkarnir að heyra eina sögu í kvöld?“

Eftir þetta ferðaðist Thorvaldsen nokkuð og vann enn mikið, en þó tók að hylla undir ævikvöldið. Árið 1844 gekk í garð, og heilsa hans fór hrörnandi, þótt af bráði stundum. Þann 20. marz leið

honum illa og kvartaði um brjóstverk, en vildi þó ekki láta sækja lækni. 24. marz snæddu þeir hádegisverð hjá honum vinir hans, Oehlenschläger og H. C. Andersen. Svo fór hann í Konunglega leikhúsið. Rétt áður en tjaldið var dregið frá beigði hann sig niður, en hóf sig ekki aftur í sætinu. Hann var borinn út úr salnum. — Hann var dæinn. Hjarta hins mikla listamanns bærðist ekki lengur. Einn ágætasti sonur Íslands var genginn til feðra sinna. Þetta var sunnudaginn 24. marz 1844.

Úr þakkkarljóði

frá Jónasi Hallgrímssyni

til Alberts Thorvaldsens, er hann gaf Íslandi skírnarfontinn.

Sjáið hér fegursta
friðarmynd —
blíða Maríu
með barnið á skauti;
hallast að góðrar
guðsmóður knjám
ungur Jóhannes
og ástarblíður.

Sjáið ánni í
allra manna
lausnara ljúfan
og líknar-skæran
skírn að skírast,
áður skepnu sína
guði vinni,
þá er glötuð var.

Sjáið enn fremur
ástvin beztan
barnanna ungu,
er hann blessar þau;
„leyfið þeim“, segir
hinn líknarfulli
„öllum hjá mér
athvarfs að leita“.

*Upphaf og endir kvæðis,
sem Jónas Hallgrímsson orti til
Alberts Thorvaldsen:*

Í höfum norður
við himin gnæfir
eyja ísi skyggnd
og eldi þrungin.
Þar ris hin fagra
feðra þinna
móðurmold
úr marar skauti.

Og þó und sólu
suðurheima
eyðir þú ævi
að alföðurs vild,
ann þér um aldur
Ísafoldar
sonur og dóttir,
meðan sær dunar.

Thorvaldsen meðal listamanna í Róm (silur gæt til hægri).

